



Messur

ARBÆJARPRESTAKALL: Barnasamkoma í Safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10.30. Guðsþjónusta í Safnaðarheimilinu kl. 2. Sr. Gylfi Jónsson rektor Skálholtsskóla prédikar. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

ASPRESTAKALL: Barnaguðsþjónusta Norðurbúrn 1 kl. 11. Messa kl. 2 Séra Bragi Friðriksson prófastur prédikar. Sr. Arni Sigurbjörnsson.

BREIÐHOLTSPRESTAKALL: Barnasamkoma kl. 11. Messa kl. 14 í Breiðholtsskóla. Sr. Ólafur Oddur Jónsson prédikar. Organleikari Daniel Jónasson. Sr. Lárus Halldórsson.

BUSTAÐAKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11. Guðsþjónusta kl. 2. Sr. Gisli Jónasson í Vik í Mýrdal prédikar. Organleikari Guðni Þ. Guðmundsson. Kvenfélagsfundur mánudagskvöld kl. 8.30. Félagstarf aldraðra miðvikudagseftirmiðdag ef veður leyfir. Æskulýðsfundur miðvikudagskvöld kl. 8. Sr. Ólafur Skúlason dómrófastur.

DIGRANESPRESTAKALL: Barnasamkoma í Safnaðarheimilinu við Bjarnhólastíg kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 11. Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir Kirkjuhvolsprestakalli prédikar. Sr. Þorbergur Kristjánsson.

DÓMKIRKJAN: Messa kl. 11. Sr. Sveinbjörn Sveinbjörnsson prófastur í Hrúna prédikar. Sr. Hjalti Guðmundsson, Messa kl. 2. Sr. Svafnir Sveinbjarnarson prófastur á Breiðabólstað prédikar. Vænt er þátttöku fermingarbarna og foreldra þeirra. Sr. Þórir Stephensen. Barnastarf Dómkirkjunnar, sem verið hefur í barnskóla vesturbæjar við Öldugötu, verður á þessu ári að Hallveigarstöðum og hefst laugardaginn 15. janúar. Nánar auglýst síðar.

ELLIHEIMILÍÐ GRUND: Messa kl. 10. Sr. Lárus Halldórsson.

FELLA- OG HÓLAPRESTAKALL: Laugardagur: Barnasamkoma í Hólabrekkuskóla kl. 2. Sunnudagur: Barnasamkoma í Fellaskóla kl. 11. Guðsþjónusta í Safnaðarheimilinu Keilufelli 1 kl. 2. Sr. Úlfar Guðmundsson Eyrarbakka prédikar. Sr. Hreinn Hjartarson.

GRENSÁSKIRKJA: Barnasamkoma kl. 11. Guðsþjónusta með altarisgöngu kl. 2. Sr. Heimir Steinsson Þingvöllum prédikar. Almenn samkoma nk. fimmtudagskvöld kl. 20.30. Organleikari Arni Arinbjarnarson. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSPRESTAKALL: Kirkjuskóli barnanna er í gömlu kirkjunni á laugardögum kl. 2. Sunnud.: Messa kl. 11. Sr. Halldór Gunnarsson í Holti prédikar. Sr. Ragnar Fjalar Lárusson. Messa kl. 2. Sr. Eiríkur J. Eiríksson fyrrv. prófastur á Þingvöllum prédikar. Sr. Karl Sigurbjörnsson. Þriðjud. kl. 10.30 fyrirbænuðsþjónusta, beðið fyrir sjúkum. Miðvikud. 12. jan.: Náttöngur kl. 22. Manuela Wiesler og Hörður Áskelsson leika samleik á flautu og orgel. Fimmtud. 13. jan.: Ópið hús fyrir aldraða kl. 15. ísl. kvikmynd og kaffiveitingar.

HÁTEIGSKIRKJA: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 2. Sr. Gunnþór Ingason Hafnarfirði prédikar. Sr. Tómas Sveinsson.

KÁRSNESPRESTAKALL: Barnasamkoma í Kársnesskóla kl. 11. Guðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 2. Sr. Bragi Skúlason, frikirkjuprestur í Hafnarfirði, prédikar. Sr. Arni Pálsson.

LAUGARNESPRESTAKALL: Laugard. 8. jan.: Guðsþjónusta Hátúni 10B, 9. hæð, kl. 11. Sunnud.: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Messa kl. 2. Altarisganga. Sr. Sigfinnur Þorleifsson prestur í Stóra-Núpsprestakalli prédikar. Þriðjudagur 11. jan.: Bænuðsþjónusta kl. 18 og æskulýðsfundur kl. 20.30. Sóknarprestur.

NESKIRKJA: A laugardag, kl. 15 samverustund aldraðra. Halldór Pálsson fyrrv. búnaðarmálastjóri rifjar upp eitt og annað frá fyrri tíð. Myndasýning úr norðurferðinni. Sunnud.: Barnasamkoma kl. 10.30. Guðsþjónusta kl. 11 í umsjón sr. Hönnu Mariu Pétursdóttur, (ath. breyttan messutíma). Miðvikudagur: Fyrirbænasamvera kl. 18.20. Sr. Frank M. Halldórsson.

SELJASÖKN: Barnaguðsþjónusta í Ölduselskóla kl. 10.30. Barnaguðsþjónusta Seljabraut 54 kl. 10.30. Guðsþjónusta Ölduselskóla kl. 14. Sr. Guðmundur Óli Ólafsson í Skálholti prédikar. Fimmtud. 13. jan.: Fyrirbænasamvera í Safnaðarsalnum Tindaseli 3 kl. 20.30. Sóknarprestur.

FRIKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Guðsþjónusta kl. 14. Sr. Hannes Guðmundsson í Fells múla prédikar. Organleikari og söngstjóri Sigurður Ísólfsen. Sr. Gunnar Björnsson.

FRIKIRKJAN Í HAFNARFIRÐI: Barnatíminn verður kl. 10.30. Safnaðarstjórn.

SELTJARNARNES: Barnaguðsþjónusta kl. 11. í sal Tónlistarskólans. Sóknarnefndin.

Myndlistarsýning helgarinnar:

Vefnaður að Kjarvalsstöðum

Lítið hefur verið um dýrðir á Kjarvalsstöðum síðan Thorvaldsens-sýningunni lauk, enda hafa viðgerðir og lagfæringar staðið yfir. En á morgun verður opnað glæsileg samnorræn vefnaðarsýning í öllum söllum hússins. Stendur hún út janúarmánuð og er opin daglega frá kl. 14–22.

Þetta er farandsýning sem kemur hingað frá Svíþjóð og fer héðan til Færeyja og Noregs. Markmið hennar er að gefa almenningi og yfirvöldum kost á að fylgjast með því hvað vefarar eru að skapa, og eins að örva vefarana með því að gefa þeim tækifæri til að fylgjast með þróun í grannlöndunum. Áhugi fyrir vefnaðarlist hefur blossað upp á síðustu árum og árangurinn af þeirri grósku má sem sagt sjá á Kjarvalsstöðum næstu vikur.


Með tveim þrem undantekningum eru vefararnir konur. Sýnd eru 86 verk eftir 78 listamenn, þar af 5 frá Íslandi. Eru það þær Hildur

Hákonardóttir, Ina Salóme, Ingibjörg Haraldsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir og Sigurlaug Jóhannesdóttir. Sú síðastnefnda, Sigurlaug, var einnig fulltrúi Íslands í dómnefndinni.

I tengslum við þessa stóru sýningu var Íslendingum, einum þjóða, boðið að setja upp sýningu á smámyndum, unnum í textíl. Hafa þessar smámyndir fylgt þeim stóru um Norðurlönd. Sérstök sýningarskrá er fyrir þessa íslensku sýningu, í mjög smáu broti (ca 7×8cm), hönnuð af Hildi Hákonardóttur og Inu Salóme. Þátttakendur þessarar sýningar eru 12 að tölu, allt konur.

Það er á morgun kl. 14.00 sem sýningin verður opnuð. Við það tækifæri flytur formaður menningar-málanefndar Norðurlandaráðs, Eidiur Guðnason, ávarp og Laufey Sigurðardóttir og Snorri Sigfús Birgisson flytja tónlist fyrir fiðlu og píanó.

-IHH.



Eitt af verkunum á sýningunni Norræn vefjarlist III. Veiðimennirnir eftir Sunillu Petersson frá Svíþjóð.

Norræna húsið á sunnudaginn kl. 17.00:

Tónleikar Berglindar Bjarnadóttur

Berglind Bjarnadóttir sópran og Guðrún A. Kristinsdóttir píanóleikari halda tónleika í Norræna húsinu á sunnudag, þann 9. janúar klukkan 17.


Á efnisskránni eru verk eftir norræn tónskáld. Berglind syngur úr Ljóðakornum Atla Heimis Sveinssonar og sænska sönglagabálkinn Gullebarns vaggasanger eftir Wilhelm Peterson-Berger. Auk þess verða fluttir söngvar eftir Wilhelm Stenhammar og Jean Sibelius.

Berglind Bjarnadóttir hóf sögnám hjá Elísabetu Erlingsdóttur við Tónlistarskóla Kópavogs og lauk þaðan brottfararprófi. Undanfarin þrjú ár hefur Berglind verið búsett í Stokkhólm þar sem hún stundar framhaldsnám við Stockholms Musikpedagogiska Institut.

Þetta eru fyrstu sjálfstæðu tónleikar Berglindar hérlandis.

Aðgöngumiðasala er við innganginn.

-PA.



Guðrún og Berglind á æfingu fyrir tónleikana.



Sigrún Hjálmtýsdóttir og Anna Guðný Guðmundsdóttir.

Fjölbreyttir tónleikar í Hlégarði

— á morgun kl. 15

Næstkomandi laugardag 8. janúar kl. 15 verða haldnir tónleikar í Hlégarði í Mosfellssveit á vegum Tónlistarfélag Mosfellssveitar. Sigrún Hjálmtýsdóttir sópran syngur við undirleik Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur píanóleikara. Efnisskráin er fjölbreytt, m.a. eru lög eftir: Händel, Schumann, Brahms, Schubert, Donnizetti, Rossini o.fl. Þetta verður í fyrsta sinn sem Sigrún Hjálmtýsdóttir flytur klassíska tónleika opinberlega. Hún stundar nú framhaldsnám í London við Guildhall School of Music and Drama og mun væntanlega ljúka þaðan brottfararprófi í júlí 1984. Aðal-söngkennari hennar er Laura Sarti. Aður en Sigrún hélt utan til náms var hún tvo vetur við Tónlistarskólann í Rvík.

